

Heil og sæl og velkomin á aðalfund Staðlaráðs.

Það er gleðilegt að þriðja árið í röð get ég hafið þessi inngangsorð á sama hátt „Síðasta ár var gott ár hjá Staðlaráði“. Það er gleðilegt og ekki sjálfgefið í þeim efnahagsörðugleikum sem þjóðin glímur við. Venjuleg starfsemi og verkefni voru svipuð og áður. Vinna innan fagstaðlaráðunum jókst mjög. Rekstarafkoma Staðlaráðs í heild var í samræmi við áætlun og skilaði rúmri milljón í óráðstafað eigið fé. Styrk stjórn Guðrúnar Rögnvaldardóttur framkvæmdastjóra Staðlaráðs og sú stefna stjórnar að sýna djarfhuga varkárni í fjármálum eiga vonandi sinn þátt í því. Guðrún framkvæmdastjóri fer hér á eftir að venju yfir skýrslu og ársreikning Staðlaráðs og fulltrúar fagstaðlaráðanna gera grein fyrir þeim spennandi verkefnum sem þau hafa verið að fást við.

En mig langar að segja ykkur frá nýlegri samþykkt stjórnar Staðlaráðs þó hún tilheyrir ekki árinu 2009 þar sem hún mun vonandi leggja grunn að enn meiri virkni og starfsemi á þessu ári og því næsta. Hér er ég að tala um tillögu sem stjórnin samþykkti í apríl síðastliðnum um tiltekna viðbótar ráðstöfun úr almennum varasjóði Staðlaráðs.

Eins og þið öll vitið er helmingur tekna Staðlaráðs hlutdeild í tryggingargjaldi sem reiknað er af heildarupphæð greiddra launa í landinu. Fyrirsjáanlegt er að þessar tekjur muni dragast umtalsvert saman á þessu ári og því næsta. Hlutverk staðlaráðs er að standa straum af lögbundum verkefnum m.a. er varða þátttöku í mótun evrópskra og aðþjóðlegra staða og sjá um að allir innviðir séu fyrir hendi fyrir staðlastarf á Íslandi svo sem rekstur skrifstofu, auglýsing frumvarpa, staðfesting staðla, útgáfa og sala, kynningarmál og námskeiðshald. Tekjur fagstaðlaráðanna eru af aðildargjöldum sem líka má gera ráð fyrir að dragist umtalsvert saman. Tekjur ráðanna fara í að vinna að einstökum stöðlum eða tækniforskriftum sem eru kostuð af viðkomandi hagsmunaaðilum. Þetta síðasta er mikilvægt, hagsmunaaðilar sem telja verkefni þess virði að þau séu unnin fyrir sína grein, leggja fram vinnu og geta fyrir aðildargjöldin keypt viðbótar fagvinnu og staðið straum af öðrum kostnaði sem á verkefnið fellur.

Við sem sitjum í stjórn viljum finna leiðir að auka starf að og þáttöku í stöðlun og að koma staðlastarfi sem víðast á framfæri í þeim efnahagsþrengingum sem við Íslendingar glímum við. Í ársreikningnum segir að við eigum 15 milljónir í varasjóði og 31 rúma í óráðstöfuðu eigin fé. Af þrjátíu og einu milljóninni eru rétt um 18 milljónir hjá Staðlaráði, annað er óráðstafað eigið fé einstakra fagstaðlaráða eins og sést í skýringu 5. Virkni og fjárþörf í fagstaðlaráðunum er mismikil á mismunandi tímum. Í samþykkt aðalfundar 2005, þegar ákveðið var að stofna varasjóð, var ákveðið að þegar hann væri kominn í fulla stærð 15 milljónir, sem gerðist 2008, gætu fagstaðlaráðin sótt um í hann þegar vantaði millifjármögnun í ýmis stöðlunarverkefni. Aðeins FUT sótti um á síðasta ári og fékk úthlutun. Umsóknir hafa ekki borist í ár enn sem komið er. En til viðbótar við millfjármögnunarstyrkina sem þriðjungur sjóðsins er frátekin til að mæta, ákvað stjórnin nú í apríl að ráðstafa allt að 5 milljónum króna úr almennum varasjóði Staðlaráðs til að styrkja frumkvæðisverkefni og byggja hann aftur upp á þremur árum. En hvers vegna erum við að því úr því eftirspurn í millifjármögnunarsjóðinn hefur ekki verið meiri ?

Rökin eru af fernum toga spunnin:

1. Efnahagskreppan getur þrengt óþægilega að staðlastarfi næstu misserin.
2. Það er styrkur heilarinnar að fé sé til öflugs staðlastarfs, en virkni fagstaðlaráðs er mismikil á mismunandi tímum og fjárþörf mismikil.
3. Til þessa er hægt að grípa þar sem eigið fé er talið nægilegt til að bera áföll í rekstri og framlög til að byggja upp varasjóð að nýju. Það að opna í auknu mæli fyrir umsóknir í sjóðinn í kreppu kemur ekki í stað aðildargjalda, þetta er eins skipts aðgerð sem ekki er ætlað að setja fordæmi um ráðstöfun sjóðsins í framtíðinni – það er ákvörðun stjórnar hverju sinni.
4. Saman fer fjárhagsleg ábyrgð og verkefnaskyldur hjá þeim sem sækja um styrki. Þannig þurfa t.d. fagstaðlaráð eða tækninefnd sem sækir um í sjóðinn að meta mismunandi verkefni sem býðst að taka þátt í, þau bera fulla ábyrgð á vali á verkefnum og að leggja fram eða afla fjár ef þarf til viðbótar. Þetta á jafnt við um verkefnastjórn í fjölþjóðlegum verkefnum eins og innlend verkefni.

Miðað er við að hámarksstyrkur geti verið ein milljón króna í hvert verkefni úr þessum potti tvö. Stjórnin er að setja sér viðmið um hvers konar verkfni koma til greina og hverjir geti sótt í þennan þriðjungssjóðs, m.a. hvort hann eigi að binda við núverandi fagstaðlaráð eða, og ég vek sérstaka athygli á því hér, hvort aðilar að Staðlaráði geti tekið sig saman um verkefni sem geta fallið utan núverandi fagstaðlaráða. Jafnframt ætlar stjórnin að setja reglur um útgreiðslur eftir framvindu. Við erum vel meðvituð um að meta þurfi hvert verkefni sjálfstætt en líka að það verði að passa vel að fara að starfsreglum sem kveða á um gæta þurfi eðlilegs jafnvægis hafsmuna sem tengjast stöðlum.

Ég vil eindregið hvetja ykkur sem hér sitjið til að skoða þá möguleika sem þetta kynni að opna varðandi aðkomu ykkar eða þátttöku í staðlastarfi og hafa samband við Guðrúnu og hennar góða samstarfsfólk til að viðra þær hugmyndir sem kunna að vakna. Við höfum jú það öll að markmiði að auka samkeppnis-hæfni íslensks atvinnulífs og skapa fleiri störf fyrir vinnufúsar hendur.

Aðalfundur Staðlaráðs 2010 er settur.

Og þá eru það aðalfundarstörfin, byrjum á að velja fundarstjóra og fundarritara, ég sting upp á Davíð Lúðvíkssyni til að stýra fundinum og Arnhildi Arnaldsdóttur til að rita fundargerð.